

## Boð Evrópska dreifbýlisþingsins til stofnana og stjórnvalda í Evrópu og íbúa á dreifbýlissvæðum álfunnar, desember 2017

Evrópska dreifbýlisþingið (The European Rural Parliament) leitast við að vera rödd dreifbýlissvæða Evrópu: Að færa í orð það sem brennur á fólki í dreifbýli og að örva sjálfshjálp og aðgerðir dreifbýlisfólks í samvinnu við hagsmunasamtök og stjórnvöld.

Við skuldbindum okkur til að stuðla að velferð yfir 250 milljóna fólks sem býr á dreifbýlissvæðum Evrópu. Við gerum okkur skýra grein fyrir þeim efnahags- og stjórnmálalegu áskorunum sem öll Evrópa stendur frammi fyrir og þeirri brýnu þörf fyrir samstöðu og samvinnu milli stjórnvalda og almennings við að taka á þessum málum. Dreifbýlissamfélög vítt og breitt um álfuna eru í vaxandi mæli fús til og fær um að taka frumkvæði í að styrkja sín staðbundnu hagkerfi og félagslega innviði. Þau geta með því lagt sitt af mörkum til að ná markmiðum ESB um skilvirkan og sjálfbæran hagvöxt fyrir alla. En þau þarfnast áhrifaríks stuðnings stjórnvalda og samtaka sem vinna að almannahag.

### Í núverandi umræðu, um stefnumótun til framtíðar innan Evrópusambandsins, förum við fram á:

- Áframhaldandi skuldbindingar við **samheldnisjóði** til stuðnings við brothætt hagkerfi.
- Framhald á **svæðisbundnum áætlunum og byggðaaætlunum í dreifbýli**, sem miða að því að styrkja hagkerfi í dreifbýli og viðhalda þjónustu og innviðum[ í slíkum byggðarlögum].
- Meiri áherslu á þarfir **ungs fólks í dreifbýlinu** svo það geti tekið fullan þátt sem virkir aðilar í þróun dreifbýlisins.
- Viðurkenningu á lykilhlutverki **smábæja og snjallþorpa** sem lykilstaða fyrir nýsköpun á dreifbýlissvæðum.
- Aukna fjárfestingu í aðgerðum til að vinna gegn **loftslagsbreytingum** og að draga úr áhrifum þeirra á dreifbýlissvæði og að gera sér grein fyrir hve mikið dreifbýlissvæði hafa að bjóða til að framleiða sjálfbæra orku, stuðla að endurnýtingar- og vistvænu hagkerfi og koma á varanlegri vernd auðlinda náttúrunnar.
- Stuðning við þróunarverkefni undir forystu heimafólks og aðgerðir almennasamtaka á öllum svæðum – dreifbýli, strandbyggðum og þéttbýli – þar sem þróunar er þörf.
- Endurskoðun og frekari útfærslu á hlutverki **LEADER** sem grundvallartengingar milli stuðningskerfa stjórnvalda og þróunarvinnu í forsjá áhugafólks í dreifbýli, á strandsvæðum eða í borgum.
- Sameiginlegan **ESB varasjóð fyrir þróunarverkefni undir samfélagslegri forystu heimamanna**, sem eyrnamerkja skal til að styðja markmið sem sett eru í staðbundnum byggðaaætlunum og skilgreind og framkvæmd af aðgerðahópum heimamanna í dreifbýli, á strandsvæðum eða í borgum. Við leggjum til að þessi sjóður fái 15% af öllu EAFRD, ERDF, ESF og EMFF-fjármagni á nýja áætlunartímabilinu sem hefst árið 2021 og að aðildarríkin verði skylduð til að leggja fram samsvarandi upphæðir til svæðis- og landsbundinna verkefna.
- Að byggðapróun landa í **Suðaustur-Evrópu** verði hraðað með stuðningi ESB og með þátttöku almennasamtaka og að LEADER aðferðafræðinni verði skipulega fylgt.
- Víðtækari áætlun um uppbyggingu hæfni og samskipta milli hagsmunaaðila í dreifbýli og stjórnvalda í öllum Evrópulöndum, þ.m.t. útvíkkun á Erasmus+ -áætluninni.

XXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXX

Þrjú evrópsk tengslanet standa í sameiningu að Evrópska dreifbýlisþinginu – ERCA, PREPARE og ELARD (sjá full nöfn neðar) – í samvinnu við byggðahreyfingar / tengslanet í 40 Evrópulöndum, innan eða utan ESB. Það skipuleggur síðan Dreifbýlisþing annað hvert ár. Þessi boð eru niðurstaða víðtæks samráðs meðal dreifbýlissamfélaga vítt og breitt um Evrópu og umræðna á 3. Evrópska dreifbýlisþinginu sem haldið var í október 2017. Ítarlegri útgáfa verður á vefsíðu European Rural Parliament – sjá neðar.

*Staffan Nilsson, President, European Rural Community Alliance (ERCA)*

*Goran Šoster, President, PREPARE Partnership for Rural Europe (**PREPARE**)*

*Kristiina Tammets, President, European LEADER Association for Rural Development (ELARD)*

*[www.europeanruralparliament.com](http://www.europeanruralparliament.com)*